

Starfsemi

Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) eru á þremur stöðum: Hlíð við Austurbyggð, Kjarnalundi í Kjarnaskógi og Bakkahlíð.

Til að stuðla að góðri aðlögun, vellíðan og öryggi íbúa ÖA er lögð áhersla á góða samvinnu milli íbúa, aðstandenda og starfsfólks.

Óskað er eftir upplýsingum um óskir og þarfir ásamt æviágrip íbúa, svo mæta megi einstaklingsbundnum þörfum hans eins og kostur er.



Stefna og markmið

Starfsemi ÖA byggist á nýrri sýn og nýjum áherslum í þjónustu við íbúa. Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk til sjálfshjálpar með áherslu á að viðhalda færni og getu hvers og eins. Í því felst meðal annars að íbúi tekur ábyrgð á lífi sínu eins og kostur er og hefur hlutverki að gegna á sínu heimili.

Til þess að ná þessum markmiðum vinnum við eftir Eden hugmyndafræðinni. Einmanaleiki, vanmáttarkennd og leiði eru oft meginástæður vanlíðunar fólks sem býr á hjúkrunarheimili. Því er mikilvægt að skapa aðstæður þar sem lífið snýst um nán samskipti og tengsl. Áhersla er lögð á fjölbreytileika þar sem börn, plöntur og dýr gegna mikilvægu hlutverki.

Lögð er áhersla á að hverfa frá stofnanabrag og skapa heimilislegt umhverfi og aðstæður í samvinnu við íbúa og aðstandendur. Í stað áherslu á sjúkdóma og getuleysi er horft til styrkleika hvers og eins. Efla þarf sjálfsákvörðunarrétt og skapa tækifæri til innihaldsríks lífs, þar sem hver íbúi er virkur þátttakandi.

Gæði

Markmið heimilisins er að öll þjónusta sé veitt á faglegan og ábyrgan hátt og samræmist lögum og reglum sem eru í gildi hverju sinni.

Til að fylgjast með gæðum þjónustunnar eru gerð þrjú RAI-möt á ári. RAI mat er mælitæki sem mælir raunverulegan aðbúnað íbúanna. Í matinu eru margvíslegir mælikvarðar sem gefa vísbendingar um heilsu og færni íbúa sem og gæði þjónustunnar.

Gerðar eru þjónustukannanir með reglulegu millibili til þess að fá fram upplýsingar um það sem vel er gert og það sem betur má fara.

Starfsfólk

ÖA leggur áherslu á að ráða gott og hæft starfsfólk sem leggur metnað sinn í að framfylgja markmiðum þjónustunnar. Áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu, einstaklingsmiðaða þjónustu og sveigjanleika í öllum samskiptum.

Þagnarskylda hvílir á öllu starfsfólki

Hjúkrunardeildarstjóri vinnur á dagvinnutíma virka daga. Hjúkrunarfræðingar, öldrunarsjúkraliðar, sjúkraliðar og umönnunaraðilar vinna á vöktum. Vaktir eru þrískiptar yfir sólarhringinn, dagvakt, kvöldvakt og næturvakt. Vaktstjóri er á hverri vakt.

Fjármál

ÖA eru rekin samkvæmt lögum um málefni aldraðra og þeim reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni. Daggjöld eru ákveðin af Velferðarráðuneyti.

Íbúar taka þátt í greiðslum á dvalargjöldum ef tekjur þeirra fara yfir ákveðið hámark. Tryggingastofnun ríkisins reiknar út greiðsluþátttöku hvers og eins út frá tekjuáætlun sem síðar er leiðrétt samkvæmt skattframtali. Tryggingastofnun gefur nánari upplýsingar varðandi greiðsluþátttökuna. Athugið að íbúar ÖA þurfa að skila skattframtali árlega eftir flutning eins og áður.

Mælt er með að íbúar notfæri sér greiðsluþjónustu bankanna til greiðslu dvalargjalda.

Það skal sérstaklega tekið fram að ekki er tekin ábyrgð á peningum og öðrum verðmætum sem geymd eru inni á herbergjum íbúa.

Nýtt heimili


Öllum er í sjálfsveld sett hvort þeir flytja lögheimili sitt á ÖA. Nauðsynlegt er að hafa rétt pósthfang þó lögheimili sé ekki flutt svo póstur, blöð og tímarit sem viðkomandi er áskrifandi að berist áfram á réttan stað.

Íbúa er bent á að hafi hann lögheimili á annarri stofnun þarf að flytja það.

Í hverju herbergi er sjúkrarúm og náttborð. Í dvalarrýmum koma íbúar sjálfir með eigið rúm og náttborð.

Lögð er áhersla á vistlegt umhverfi og að íbúar hafi persónulega muni með sér svo nýja heimilið verði eins notalegt og heimilislegt og hægt er. Við viljum þó benda á að erfiðara er að aðstoða fólk inni á herbergjunum ef þar er þröngt.

Eignir íbúa eru á þeirra eigin ábyrgð. Vilji íbúi tryggja innbú sitt sérstaklega þarf hann sjálfur að kaupa sér viðeigandi tryggingu.



Ekki er mælt með gólfteppi eða mottum á gólf sökum slyshættu.

Athygli er vakin á að kertaljós eru bönnuð á herbergjum vegna slyshættu en bent er á rafmagnsteljós vilji fólk hafa kerti inni hjá sér.

Rafmagnshitateppi eru ekki æskileg vegna hættu á brunasárum. Hægt er að fá heitra bakstra á deildum.



Tenglar eru fyrir síma, sjónvarp og tölvu inni á herbergjum.

Íbúi greiðir sjálfur fyrir flutning, afnotagjald og annan kostnað af síma, einnig af þráðlausu neti og gjaldskyldum sjónvarpsstöðvum á eigin herbergi.

Sameiginlegt sjónvarp og útvarp eru í setustofum.

Sérstakt reykingaherbergi er á Hlíð einnig er íbúum frjálst að reykja utandyra.

Ástæða þykir til að benda á að þær aðstæður geta skapast að íbúi þurfi að flytja innanhúss á milli herbergja eða heimila. Slíkir flutningar eru í samráði við íbúa og aðstandendur.

Ættingjar og vinir

Ættingjar og vinir íbúa á ÖA eru sérstaklega velkomnir og eru hvattir til þess að halda áfram samskiptum við sinn ástvin sem og þátttöku í daglegu lífi hans á nýja heimilinu. Velmi er að nýta sameiginlega aðstöðu svo sem eldhús, vilji þeir útbúa mat eða kaffibrauð fyrir/með íbúa.

Öryggisins vegna er útidyrum læst kl. 21. Dyrasímar eru við ákveðna innganga. Vinsamlega kynnið ykkur það á hverjum stað.

Óskað er eftir að starfsfólk heimilisins sé látið vita ef íbúi bregður sér af bæ til þess að koma í veg fyrir óþarfa áhyggjur.

Félag aðstandenda er starfandi við ÖA. Megintilgangur félagsins er að gæta hagsmuna íbúa og stuðla að því að þeir geti átt ánægjulegt og áhyggjulaust ævikvöld á ÖA. Aðstandendur eru sjálfkrafa meðlimir í félaginu, engar kvaðir eru á félagsmönnum og engin félagsgjöld.



Mikilvægt er að heimilið fái upplýsingar um símanúmer, netföng og heimilisföng aðstandenda og einnig ef breytingar verða á þessum upplýsingum til þess að auðvelda samskipti og upplýsingagjöf. Þegar aðstandendur fara í frí er mikilvægt að skilja eftir nafn og símanúmer þess sem leita má til ef íbúi þarf á að halda.

Við óskum eftir að íbúar og gestir sýni tillitsemi og geymi með sjálfum sér það sem þeir sjá og heyra á ÖA.

Fatnaður

Kaup og eftirlit með fatnaði er í höndum íbúa og aðstandenda. Óskað er eftir að aðstandendur fylgist með fatnaði íbúa og endurnýja hann þegar þörf er á.

Allur þvottur sem þolir að fara í þvottavélar er þveginn í sameiginlegu þvottahúsi. Fatnaður þarf að vera merktur með fatanúmeri sem hver og einn fær úthlutað við komu. Íbúi eða aðstandandi þarf sjálfur að fylgjast með því að allur fatnaður sé merktur áður en hann er tekinn í notkun.


Í Bakkahlíð er fatnaður þveginn á staðnum.

Íbúar bera sjálfir ábyrgð og kostnað af þvotti á viðkvæmum fatnaði sem þarf að handþvo eða senda í efnalaug.

Athugið vel að ekki fari ómerktur fatnaður inn í skáp.

Ef fatnaður tapast þarf strax að hafa samband við starfsfólk.

Heimilin greiða ekki fyrir fatnað sem tapast eða skemmist í þvotti.



Ef fatnaður, dúnsæng og dúnkoddar fara í hreinsun er það á kostnað íbúa.

Íbúum og aðstandendum er velkomið að leita eftir ráðleggingum varðandi fatnað og skótau hjá starfsfólki.

Íbúar þurfa sjálfir að kaupa allar snyrtivörur, t.d. andlitskrem, hárlagningarvökva, hárlakk, tannkrem, rakvél og rakspíra svo eitthvað sé nefnt. Handsápa er við alla vaska. Mælt er með því að íbúar haldi sínum venjum í þessum efnunum.

Ekki er mælt með að íbúar hafi háar peningaupphæðir á herbergjunum heldur einungis til daglegra nota.

Mælt er með að íbúar noti sem mest persónulega muni til þess að skapa heimilislegt umhverfi en þurfi íbúi á því að halda getur heimilið lagt til gluggatjöld, rúmfatnað, rúmföt og handklæði.

Lyf og lækniþjónusta

Fljótlega eftir komu er boðið upp á fund með íbúa, aðstandendum, lækni, hjúkrunarfræðingi og tengli til þess að ræða heilsufar og daglegt líf viðkomandi á nýju heimili.

Öldrunarlæknar starfa við ÖA og sjá þeir um alla lækniþjónustu, þar með talið meðferð, rannsóknir og tilvísun til sérfræðinga.

Lækniþjónusta sem íbúi eða aðstandandi panta er á kostnað og ábyrgð íbúans þar meðtaldar ferðir.

Öll tannlæknaþjónusta er á kostnað og ábyrgð íbúa þar með taldar ferðir.

Íbúar fá öll lyf samkvæmt læknisráði. Föst lyf eru skömmtuð af lyfjafyrirtæki.

Upplýsingar um líðan og meðferð er velkomið að fá hjá vaktstjóra hvernar vaktar og læknum heimilisins.

Tengill

Hver íbúi hefur ákveðinn starfsmann sem hann getur leitað til umfram aðra.

Hlutverk tengils er:

- Að aðstoða og vera tengiliður við aðlögun að nýju heimili
- Að vera ráðgefandi varðandi þjónustuna á heimilinu
- Að vera tengiliður við aðstandendur
- Að taka þátt í fjölskyldufundi

Tengillinn þinn er:

Fæði

Allur matur er unninn og útbúinn í eldhúsi Hlíðar og kemur hádegismatur fullbúinn þaðan. Aðrar máltíðir eru útbúnar á hverri deild.

Séu sérstakar venjur eða þarfir varðandi fæði er reynt að verða við óskum hvers og eins.



Iðjubjálfun

Iðjubjálfi metur og þjálfar fólk við athafnir daglegs lífs og stuðlar að virkri þátttöku í tómstundaiðju. Hann útvegar hjálpartæki sem auðvelda fólki þátttöku við daglega iðju og veitir íbúum, starfsfólki og aðstandendum ráðgjöf eftir þörfum. Þjálfunin fer ýmist fram á einstaklingsgrundvelli eða í hóp.



Stuðningsteymi

Á ÖA starfar stuðningsteymi sem veitir tvíþætta þjónustu:

- Sálrænan stuðning á erfiðum stundum fyrir íbúa, starfsmenn og aðstandendur.
- Stuðning við íbúa til að takast á við breytingar í daglegu lífi sem fylgja flutningi á öldrunarheimili.

Boðið er upp á viðtal og aðstoð við leit úrlausna ef þess er þörf.

Prestsþjónusta

Prestur starfar í hlutastarfi við ÖA og sér hann um helgistundir á heimilunum og eiga íbúar og aðstandendur kost á persónulegum viðtölum við hann. Sóknarprestar halda guðþjónustu til skiptis í Hlíð og Kjarnalundi. Íbúar ÖA geta einnig leitað til þeirra ef þeir óska.

Sjúkraþjálfun / heilsurækt

Í sjúkraþjálfun er reynt að bæta/viðhalda líkamlegri færni íbúa til sjálfshjálpar og til að létta umönnun. Þar er boðið upp á markvissa þjálfun og hreyfingu s.s. styrktaræfingar í tækjum, jafnvægisæfingar, liðkandi æfingar og göngu- og þolþjálfun í umsjón sjúkraþjálfara og aðstoðarmanns. Þeir sem þurfa sértæka meðferð fá einnig einstaklingsmeðferð. Íbúar þurfa alltaf tilvísun frá lækni til að komast í sjúkraþjálfun.

Sjúkraþjálfarar sjá um að útvega hjólastóla, gönguhjálpartæki, spelkur og bakbælti fyrir íbúa og vinna að forvörnum fyrir starfsfólk t.d. með fræðslu og sýnikennslu um góðar vinnustellingar og vinnuvernd.

Félagsstarf

Boðið er upp á fjölbreytta tómstundaiðju svo sem handverk, upplestur, spurningahópa, leikfimi, spilavist, bingó, keilu, kráarkvöld, myndasýningar, skemmtanir og ferðalög tengdar árstíðum.

Kaffi Sól

Kaffi Sól er kaffihús sem er opið á miðvikudögum kl. 14-15:30. Þar starfa saman starfsfólk ÖA, aðstandendur og sjálfboðaliðar. Allir eru velkomnir.

Smiðjan

Smiðjan er verkstæði þar sem hægt er að vinna að grófari handverki.

Bókasafn

Bókasafn ÖA er í Hlíð og er staðsett í Austurhlíðum. Íbúum er velkomið að nýta sér það og fá lánaðar bækur að vild. Einnig er hægt að fá lánaðar hljóðbækur og bækur til lestrar frá Amtsbókasafninu á Akureyri.

Samkomusalurinn í Hlíð

Íbúi/ar getur/a fengið samkomusalinn í Hlíð lánaðan fyrir afmælisveislur. Í salnum er eingöngu borðbúnaður fyrir kaffidrykkju. Borð og stólar eru fyrir 60 manns. Íbúar og aðstandendur sjá alfarið um öll veisluföng, þar með talið dúka, servíettur, kerti, blómavasa og þess háttar.

Frágangur á sal að lokinni veislu er á ábyrgð íbúa og / eða aðstandenda.

Panta þarf salinn á dagvinnutíma í síma 460 9208.

**Þjónusta sem íbúi greiðir sérstaklega fyrir og þarf að staðgreiða:****Fótaaðgerða-og snyrtistofa**

Fótaaðgerða- og snyrtifræðingur starfar við ÖA. Hann meðhöndlar ýmis fótamein t.d. inngrónar nelgur, líkþorn og fl. Einnig býður hann upp á almenna snyrtingu. Pantanir eru í síma 891 6291 (Birna).

Hársnyrtistofa

Boðið er upp á alla almenna hársnyrtingu fyrir dömur og herra. Pantanir eru í síma 660 4133 (Alda) og í síma 695 5351 (Jóhannes).

Félagsstarf

Íbúi greiðir sjálfur fyrir efnisnotkun í handverki, vörukaup í verslun, þátttöku í ferðalögum og þess háttar.

Verslun og sjálfsali

Litla Kaupfélagið starfar í Hlíð og verslunin Ausan í Kjarnalundi. Þar er hægt að kaupa ýmislegt smálegt.

Sjálfsali er í Hlíð, þar er hægt að fá gos og slikkerí.



Sími

Skiptiborð	460 9100	hlid@akureyri.is
Asparhlíð	460 9160	vakt. asparhlid@akureyri.is
Bakkahlíð	462 7012	helgaf@akureyri.is
Beykihlíð	460 9160	vakt. asparhlid@akureyri.is
Birkihlíð	460 9130	vakt. lerkihlid@akureyri.is
Einíhlíð	460 9170	vakt. einihlid@akureyri.is
Furuhlíð	460 9156	vakt. vidihlid@akureyri.is
Grenihlíð	460 9170	vakt. einihlid@akureyri.is
Kjarnalundur	460 9250	kjarnalundur@akureyri.is
Lerkihlíð	460 9130	vakt. lerkihlid@akureyri.is
Reynihlíð	460 9120	vakt. reynihlid@akureyri.is
Skógarhlíð	460 9120	vakt. reynihlid@akureyri.is
Víðihlíð	460 9150	vakt. vidihlid@akureyri.is
Grænahlíð	460 9200	
Þvottahús	460 9197	

Fótaaðgerðarstofa í Hlíð	Birna	891 6291
Hársnyrtistofa í Hlíð	Alda	660 4133
	Jóhannes	695 5351

Heimasíða Öldrunarheimila Akureyrar er:

<http://www.akureyri.is/oldrunarheimili>